

Vatnsskarðshólum, 1. febrúar 2010

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík

Efni: Athugasemd um tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025

Ég undirrituð geri þá kröfu að tillaga um nýja veglínu þjóðvegur 1 um Mýrdal verði felld með öllu út úr tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps.

Þeir sem andmælt hafa tillögu um nýtt vegstæði þjóðvegur 1 um Dyrhólahverfi, Reynishverfi og Vík hafa réttilega sýnt fram á að hin nýja veglína muni (a) ekki “bæta samgöngur” meir en sem nemur örfáum mínútum í ferðatíma, (b) ekki styrkja ferðaþjónustu þar sem veglínan eyðileggur náttúruverndarsvæði við Dyrhólaós og ströndina við Vík, (c) verðfella fasteignir og eignarlönd og lífsgæði hátt í eitt hundrad eigenda á svæðinu, (d) ekki bæta hag fyrirtækja í Vík þar sem flest þeirra eru nú þegar staðsett við þjóðveg 1 eða nærri honum og (e) verða gríðarlega kostnaðarsöm án þess að sýnt hafi verið fram á þörf fyrir hana.

Hinsvegjar er önnur mjög veigamikil röksemd gegn fyrir liggjandi tillögu að nýju veggstæði. Yfirborð sjávar mun hækka umtalsvert á næstu 30-50 árum, jafnvel á annan meter samkvæmt sumum reiknilíkönnum, og er því spáð að hækkunin verði hraðari og meiri eftir því sem dregur nær heimskautasvæðunum. Ekkert fær réttlætt að færa hringveg Íslendinga í þá stöðu að jafnvel ótæpilegt viðhald fái ekki tryggt framtíðaröryggi hans. Þjóðvegur 1 er þjóðareign sem haldið er við með peningum skattgreiðenda og ber því að skipuleggja, byggja og viðhalda í þjónustu allra Íslendinga.

Að mínu áliti var tillaga um nýja veglínu þjóðvegur um Mýrdal á sínum tíma gersamlega vanhugsað kosningabragð sem opinberir aðilar og meirihluti almennings hafa síðan hafnað og afhjúpað sem fráleita hugmynd. Henni er þó enn haldið á lofti í pólitískum tilgangi af örfáum heimamönnum sem ekki hefur tekist að sannfæra okkur (og jafnvel heldur ekki þá sjálfa) um að Ísland þurfi á þessari áhættusömu og fokdýru tilfærslu þjóðvegjarins að halda. Verði tillaga sú sem fyrir liggur um breytta veglínu þjóðvegur 1 um Mýrdal samþykkt, þrátt fyrir yfirgnæfandi mótrök, mun það falla í hlut þingmanna og ráðherra í nýrri ríkisstjórn okkar að ákveða hvort fjármagn verði veitt til byggingar veglínunnar. Þeir voru kjörnir til þess að hreinsa út þrönga sérhagsmuni sem á liðnum árum hafa drottnað yfir opinberri stefnumótun. Við gerum þess vegna ráð fyrir að ákvörðun þeirra verði byggð á staðreyndum í þágu langtímahagsmuna og velferðar þjóðarinnar.



Sandra Lee Best